

## Samantekt varðandi fjárhagsáætlun Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2016.

1. Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2015 verði betri en fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir. Meginástæða eru að flutningar hafa vaxið umfram spá. Rekstrargjöld verða innan áætlunar.
2. Áætlun ársins 2016 miðar við 4,5 - 5% hækkun verðlags á milli ára, en gjaldskrá Faxaflóahafna sf. hækki um 4,0 til 4,5% á milli ára. Launakostnaður er áætlaður aukast um 7% á milli ára, en kjarasamningar, sem runnu út 30. apríl, hafa enn ekki verið gerðir.
3. Helstu fjárhagsstærðir:
  - a. Tekjur Faxaflóahafna sf. á árinu 2016 eru áætlaðar verða 3,3 Ma.kr. sem er liðlega 6,0% hækkun á milli ára.
  - b. Rekstrargjöld eru áætluð 2,8 ma.kr. sem er tæplega 9,0% hækkun á milli ára.
  - c. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni til sérgreindra viðhaldsverkefna eða um 300,0 KR.
  - d. Launakostnaður er áætlaður um 835,0 mkr.
  - e. Handbært fé frá rekstri er áætlað 1,3 Ma.kr.
  - f. Greiddar afborganir langtímalána verða um 103,0 mkr. og fara lækkandi með lægri langtímaskuldum. Langtímaskuldir í árslok 2016 eru áætlaðar verða 800,0 mkr.
  - g. Veruleg hækkun er vegna framkvæmda ársins 2016, en 2,1 Ma. kr. er ráðstafað til eignabreytinga.
4. Helstu framkvæmdir:
  - a. Kaup og niðurrekstur á stálþili við nýjan hafnarbakka utan Klepps - alls um 1.200 þús. kr. Verklok er áætluð árið 2018.
  - b. Framkvæmdir við gatnagerð á Grundartanga vegna Silicor Materials ehf. - alls um 200,0 mkr.
  - c. Undirbúningur að bakkagerð vegna lokaáfangna endurnýjunar viðlegumannvirkja á Norðurgarði. Alls um 60,0 mkr. Heildarkostnaður verður um 500,0 mkr.
  - d. Stryking á rafdreifikerfi í Gömlu höfninni, á Skarfabakka og á Akranesi í því skyni að auka möguleika á landtengingu skipa við lágspennakerfi.
  - e. Endurnýjun flotbryggju í Skarfavör.
  - f. Endurnýjun innsiglingarvita á nýjum stað við Sæbraut.
  - g. Ýmis umhverfisverkefni, lagning slitlags og undirbúningur landfyllingar utan aðalhafnargarðs á Akranesi og skjólgarðs við Katanes.

### LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	2012	2013	2014	Áætlað 2015	Áætlað 2016
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.471	1.472	1.406	1.450	1.450
Brúttótonnskipa í þús. tonna	8.812	8.708	9.118	9.300	9.500
Heildarflutningar í þús. tonna	3.301	3.502	3.645	3.800	4.000
Innflutningur í þús. tonna	2.060	2.201	2.212	2.300	2.400
Útflutningur í þús. tonna	902	821	876	880	900
Landæður affli í þús. tonna	155	140	153	150	150
Skemmtiferðaskip	81	80	91	108	105
Fjöldi farþega	92.000	92.400	104.800	100.000	100.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	62	62	63	67	67
Eignarland alls í hekturum	1.033	1.025	1.025	935	935
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	342	344	348	320	320
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.104	8.252	8.316	8.500	8.600